

Nd.

757. Nefndarálit

[270. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-
áætlunar fyrir árið 1972.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt efni þess við bankastjóra Seðlabanka Íslands og ríkisviðskiptabankanna og Bjarna Braga Jónsson, forstöðumann áætlunardeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hefur nefndin orðið ásátt um að flytja sameiginlega nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Verða þær prentaðar á sérstöku þingskjali.

Undirritaður meiri hluti leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með nefndum breytingum, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 10. maí 1972.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
form.

Gils Guðmundsson,
fundaskr.

Þórarinn Þórarinsson,
frsm.

Karvel Pálmason.